

BLÁA BRÉFIÐ

I

Í vor sem leið, átti ég í nokkur skipti tal við íbúa annarrar stjörnu, fyrir tilstuðlan ungrar stúlku, sem hefir góða miðilshæfileika. Þetta er svo að skilja, að þegar stúlkan var sofnuð miðilssvefni, þá var eins og talaði af vörum hennar önnur vera, og kvaðst sú vera vera framliðin, og eiga nú heima á annarri stjörnu. Tilraunir Englendinga, er Turvey hét og var verkfræðingur, sýna mjög fallega, leið til að skýra þetta. Menn nokkrir höfðu fund með miðli, og þegar miðillinn var sofnaður og þeir fóru að tala við hann, þá kom í ljós, að það var raunar Turvey, sem þeir áttu tal við, þó að það væri tunga miðilsins sem talaði. En Turvey var þó hvergi nálægur, heldur lá í rúminu heima hjá sér, fjórar enskar mílur þaðan, sem miðilfundurinn var haldinn. Væri miðillinn beðinn að skrifa nafn sitt, þá var það nafnið Turvey, sem hann skrifaði. Athuganir þessar eru vandlega vottfestar, svo að ekki stoðar að rengja. Má það heita stórfurðulegt, hve lítinn gaum menn hafa gefið svo afarþýðingarmiklum athugunum.

Heila- og taugastarf Turvey's hafði framleiðst í miðlinum. Og þegar menn hafa þetta í hyggju, verður ekkert óskiljanlegt, að stúlkan sem ég minntist á, gat í svefni talað eins og af annarri meðvitund, eða eins og önnur sál væri komin fram í henni. Hvort fjarlægð íleiðandans (inducentsins eða draumgjafans) er 4 mílur eða 4 triljónir, er aukaatriði.

II

Stjörnubúinn, sem talaði af munni stúlkunnar, sagði margt ótrúlegt, og eitt það, að mikil breyting til batnaðar á

veðurfari væri ekki langt undan. Mundi verða stórum betra að vera Íslendingur, ef sú spá skyldi rætast.

Og ein var sú spá, sem fljótt gekk eftir. Ég hefi á þessum árum skrifað mjög mörg bréf til útlanda, til þess að greiða fyrir breytingu þeirri, sem nauðsynlegt er að verði, ef ekki á verr að fara. Og 1. maí var ég meðal annars að spyrja stjórnubúann um árangur af bréfum þessum. Fjartalandinn lét ekki illa yfir, og sagði, að til marks um að ég gæti treyst orðum hans, mætti hafa það, að innan skamms mundi ég fá bréf í bláu umslagi um þetta efni, og væri þó bréfið ekki frá neinum þeim, sem ég hefði skrifað.

Vikudaginn eftir, 8. maí, fékk ég fimm bréf frá útlöndum. Þegar ég sá að eitt af þeim var í bláleitu umslagi, fór mér að koma í hug spásaga miðilsins. Bréfið reyndist vera frá manni, sem ég hafði aldrei skrifað eða haft neitt samband við, prófessor Berny í Vínarborg. Og þó var það árangur af bréfi, sem ég hafði skrifað, og viðtakandi, stjórnufraeðingurinn dr. Kritzinger, hafði birt í tímaritinu Psychische Studien, er hann var þá ritstjóri fyrir. Skrifaði prófessor Berny svo sem honum hefði þótt bréf mitt tiltakanlega merkilegt, og gerði ráð fyrir, að það hefði vakið mikla eftirtekt.

Spádómurinn af vörum miðilsins, var þarna kominn fram í öllum atriðum. Ýmsir hafa séð hjá mér bréfið frá prófessor Berny og ég hefi vott að spásögn miðilsins.

Sept. '23.